

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 14. júní 2024.

Mál nr. 388/2023:

Miðbaugur ehf.

(Pórir Júlíusson lögmaður,
Einar Brynjarsson lögmaður, 4. prófmál)

gegn

Jónu Birnu Ragnarsdóttur

(Guðmundur B. Ólafsson lögmaður)

Lykilorð

Ráðningarsamningur. Riftun. Trúnaðarskylda. Dráttarvextir.

Útdráttur

Ágreiningur málsins átti rætur að rekja til þess að J sagði upp störfum hjá M ehf. á fundi 26. janúar 2022. J hafði starfað sem sjóntækjafræðingur í gleraugnaverslun M ehf. í Reykjanesbæ um árabíl og upplýsti að hún hygðist koma á fót gleraugnaverslun í bænum. Með bréfi M ehf. 3. febrúar 2022 var J tilkynnt að ráðningarsambandinu væri rift fyrirvaralaust og að ekki yrðu greidd laun í uppsagnarfresti. Höfðaði J mál þetta og krafðist þess að M ehf. yrði gert að greiða henni nánar tilgreinda fjárhæð vegna launa í febrúar og mars 2022 auk orlofs og uppbóta. Byggði M ehf. á því að honum hefði verið heimilt að rifta ráðningarsambandi aðila vegna alvarlegs trúnaðarbrotis J og ætti hún því ekki rétt á greiðslu launa í uppsagnarfresti. Í dómi Landsréttar var rakið að fyrir riftun M ehf. á ráðningarsamningi aðila hefði J stofnað einkahlutafélag í því skyni að hefja atvinnurekstur í samkeppni við M ehf. og leitað að húsnæði fyrir þá starfsemi sem hún hugðist koma á fót. Félagið hefði aftur á móti ekki hafði starfsemi fyrr en fjórum mánuðum eftir að ráðningarsambandið leið undir lok. Yrði því ekki fallist á að framangreind háttsemi J gæti, ein og sér, talist brot á trúnaðarskyldu hennar, þannig að réttlætt gæti riftun ráðningarsambands aðila. Landsréttur féllst ekki á málsástæður M ehf. um að J hefði boðið starfsfólki M ehf. vinnu í þeirri verslun sem hún hugðist koma á fót, á meðan á ráðningarsambandi aðila stóð. Að sama skapi hefði M ehf. ekki fært fram gögn til stuðnings því að J hefði leitast við að koma á samnings sambandi við viðskiptamenn hans meðan hún var þar í starfi eða viðhaft aðrar sambærilegar ráðstafanir sem gætu talist andstæðar hagsmunum hans. M ehf. hefði því ekki sýnt fram á að J hefði brugðist trúnaðarskyldu sinni með þeim hætti að réttmætt hefði verið að rifta ráðningarsamningi og stöðva launagreiðslur til hennar. Var því staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um greiðsluskyldu M ehf., en ekki var ágreiningur um fjárhæð kröfunnar.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Aðalsteinn E. Jónasson, Ásgerður Ragnarsdóttir og Jón Höskuldsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 19. maí 2023. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 25. apríl 2023 í málinu nr. E-2229/2022.
- 2 Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefndu en til vara að fjárkrafa hennar verði lækkuð. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Ágreiningur málsaðila á rætur að rekja til þess að stefnda sagði upp störfum hjá áfrýjanda á fundi 26. janúar 2022. Stefnda, sem hafði starfað um árabíl sem sjóntækjafraeðingur í gleraugnaverslun áfrýjanda í Reykjanesbæ, upplýsti að hún hygðist koma á fót gleraugnaverslun í bænum. Fram kom að stefnda hefði verið í sambandi við Lindu Ólafsdóttur, sem hafði látið af störfum hjá áfrýjanda í lok desember 2021, en hún hafði áður starfað sem verslunarstjóri í Reykjanesbæ og innkaupastjóri félagsins. Einnig mun hafa komið til tals hvort Sigrún Sigvaldadóttir, sem starfaði með stefndu í versluninni, hygðist ganga til liðs við hana. Fyrir liggur að Sigrún sagði upp störfum 27. janúar 2022 en starfaði í verslun áfrýjanda út uppsagnarfrest sinn. Með bréfi áfrýjanda 3. febrúar sama ár var stefndu tilkynnt að ráðningarsambandinu væri rift fyrirvaralaust og að ekki yrðu greidd laun í uppsagnarfresti. Vísað var til þess að stefnda hefði, á meðan hún starfaði hjá áfrýjanda, undirbúið og stofnað félag „í beinni samkeppni við Miðbaug ehf.“ Stefnda hefði leynt áformum sínum og væri háttsemi hennar ósamrýmanleg trúnaðarskyldu hennar gagnvart áfrýjanda.
- 5 Áfrýjandi byggir á því að honum hafi verið heimilt að rifta ráðningarsambandi aðila vegna alvarlegs trúnaðarbrotis stefndu og eigi hún ekki rétt á greiðslu launa í uppsagnarfresti. Þessu til stuðnings er byggt á því að stefnda hafi 18. janúar 2022 stofnað einkahlutafélagið Reykjanes Optikk og fengið úthlutað virðisaukaskattsnúmeri 1. febrúar sama ár. Þá hafi stefnda fengið til liðs við sig fyrrgreinda starfsmenn áfrýjanda og undirritað samning um leigu á húsnæði í námunda við verslun hans 4. febrúar 2022. Jafnframt er í greinargerð áfrýjanda í héraði byggt á því að stefnda hafi í samstarfi við þáverandi starfsmenn áfrýjanda unnið að því að koma á samningssambandi við tiltekna viðskiptamenn hans.
- 6 Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi hefur verið viðurkennt að gagnkvæm trúnaðarskylda gildi á milli aðila ráðningarsamnings og er starfsmanni almennt ekki heimilt að hefja sjálfur atvinnurekstur í samkeppni við vinnuveitanda sinn eða vinna fyrir samkeppnisaðila samhliða vinnu sinni hjá vinnuveitanda. Trúnaðarskyldan helst

í uppsagnarfresti óháð því hvort vinnuframlags starfsmanns sé óskað, en þó hefur verið talið eðlilegt að veita starfsmanni ákveðið svigrúm til þess að verða sér úti um annað starf, þar með talið með stofnun eigin fyrirtækis, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 3. nóvember 2021 í máli nr. 18/2021.

- 7 Til þess er að líta að áfrýjandi rifti ráðningarsambandi aðila 3. febrúar 2022. Það er óumdeilt að þá leið trúnaðarskylda stefndu gagnvart honum undir lok, svo sem staðfest var við munnlegan málflutning hér fyrir dómi. Fyrir þann tíma hafði stefnda stofnað einkahlutafélag í því skyni að hefja atvinnurekstur í samkeppni við áfrýjanda og leitað húsnæðis fyrir þá starfsemi sem hún hugðist koma á fót. Félagið hóf aftur á móti ekki starfsemi fyrr en í júní 2022 eða um fjórum mánuðum eftir að ráðningarsambandið leið undir lok. Verður ekki fallist á að framangreind háttsemi stefndu geti, ein og sér, talist brot gegn trúnaðarskyldu hennar þannig að réttlætt geti riftun ráðningarsambands aðila, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 27. maí 2010 í máli nr. 532/2009.
- 8 Að virtum gögnum málsins og skýrslum fyrir héraðsdómi verður ekki séð að stefnda hafi boðið starfsfólki áfrýjanda vinnu í þeirri verslun, sem hún hugðist koma á fót, á meðan á ráðningarsambandi aðila stóð. Fyrir liggur að Linda Ólafsdóttir sagði upp starfi sínu hjá áfrýjanda haustið 2021 og lét af störfum í lok desember sama ár. Stefnda kveðst hafa leitað til Lindu í janúar 2022 og aðstoðaði hún stefndu við uppsetningu verslunarinnar og hóf þar störf í júní sama ár. Á þessum tíma var Linda ekki í ráðningarsambandi við áfrýjanda og var stefndu frjálst að leita til hennar, hvort sem var um aðstoð eða vinnu í þeirri verslun sem ætlunin var að koma á fót. Þá sagði Sigrún Sigvaldadóttir upp störfum hjá áfrýjanda 27. janúar 2022 og vann út uppsagnarfrest sinn. Samkvæmt gögnum málsins hóf Sigrún störf í verslun stefndu þegar hún opnaði í júní 2022 og liggur ekkert fyrir sem styður að stefnda hafi boðið henni starf í andstöðu við þá trúnaðarskyldu sem hún bar gagnvart áfrýjanda. Að sama skapi hefur áfrýjandi ekki fært fram gögn til stuðnings því að stefnda hafi leitast við að koma á samningssambandi við viðskiptamenn hans á meðan hún var þar í starfi eða viðhaft aðrar sambærilegar ráðstafanir sem gátu talist andstæðar hagsmunum hans.
- 9 Samkvæmt framangreindu hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á að stefnda hafi brugðist trúnaðarskyldu sinni með þeim hætti að réttmætt hafi verið að rifta ráðningarsamningi og stöðva launagreiðslur til hennar. Verður því staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um greiðsluskyldu áfrýjanda, en ekki er ágreiningur um fjárhæð kröfunnar sem er sundurliðuð og nægilega rökstudd í héraðsdómsstefnu. Svo sem áfrýjandi hefur bent á var um vaxtafót dráttarvaxtakröfu í stefnunni eingöngu vísað til „III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001“ en samkvæmt dómsorði hins áfrýjaða dóms var fallist á kröfu um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Fyrir Landsrétti kom fram að stefnda hefði leiðrétt kröfuna við aðalmeðferð í héraði og teldi rétt að vísa um dráttarvexti til fyrrgreinds ákvæðis. Samkvæmt þessu og með

hliðsjón af dómum Hæstaréttar 5. desember 2013 í máli nr. 304/2013, 30. september 2010 í máli nr. 701/2009 og 12. maí 2005 í máli nr. 494/2004, verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms að þessu leyti staðfest.

- 10 Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað.
- 11 Að virtum úrslitum málsins verður áfrýjanda gert að greiða stefndu málskostnað fyrir Landsrétti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Miðbaugur ehf., greiði stefndu, Jónu Birnu Ragnarsdóttur, 1.000.000 króna í málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 25. apríl 2023

Mál þetta, sem höfðað var 9. nóvember 2022, var dómtekið 20. mars 2023. Stefnandi er Jóna Birna Ragnarsdóttir, [...]. Stefndi er Miðbaugur ehf., [...].

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða henni 1.858.306 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 frá 1. apríl 2022 af 790.308 krónum til 1. maí 2022 og frá þeim degi af 1.858.306 krónum til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Málsatvik

Stefnandi, sem er sjóntækjafræðingur að mennt, hóf störf 1. apríl 1999 í gleraugnaverslun stefnda í Reykjanesbæ.

Þann 26. janúar 2022 sagði stefnandi upp störfum hjá stefnda, en hún tilkynnti um uppsögn sína á fundi með stjórnendum stefnda þeim Kjartani Braga Kristjánssyni, stjórnarmanni stefnda og Huldu Guðnýju Kjartansdóttur, framkvæmdastjóra stefnda auk þess sem fundinn sat trúnaðarmaður starfsmanna stefnda, Darri Ásbjörnsson, en stefnandi óskaði eftir fundinum. Á fundinum mun stefnandi hafa upplýst að hún hygðist setja á laggirnar gleraugnaverslun í bænum og jafnframt að hún hefði rætt við Lindu Ólafsdóttur, sem sinnt hafði starfi innkaupastjóra og verslunarstjóra verslunar stefnda í Keflavík í rúm þrjátíu ár og Sigrúnu Sigvaldadóttur, sem á þeim tíma var starfsmaður hjá stefnda, um að þær kæmu til liðs við stefnanda. Fyrrgreind Linda hafði þá látið af störfum hjá stefnda í lok desember 2022 en Sigrún mun samkvæmt framburði fyrirsvarsmanns stefnda, Huldu Guðnýjar, hafa sagt upp störfum hjá stefnda daginn eftir fyrrgreindan fund málsaðila, eða 27. janúar 2022, en hún starfaði í verslun stefnda út uppsagnarfrest sinn. Þá liggur fyrir í málinu að stefnandi stofnaði félagið Reykjanes Optikk ehf. 18. janúar 2022 og var félagið skráð á virðisaukaskattskrá 1. febrúar sama ár, auk þess sem stefnandi undirritaði húsaleigusamning um atvinnuhúsnæði við Aðalgötu 60 í Reykjanesbæ 4. febrúar það ár.

Með bréfi stefnda frá 3. febrúar 2022 var stefnanda tilkynnt að ráðningarsambandinu væri rift fyrirvaralaust. Í bréfinu greinir að við afhendingu framangreinds uppsagnarbréfs stefnanda, sem gert hafi verið að viðstöddum framkvæmdastjóra og stjórnarmanni stefnda, auk trúnaðarmanns starfsmanna, hafi verið upplýst um þátttöku stefnanda í „fyrirhuguðum samkeppnisrekstri“ við stefnda, einkum verslun hans í Keflavík. Þá segir orðrétt í bréfinu: „Meðan þú vannst að því að koma á fót sjálfstæðum atvinnurekstri í samkeppni við Miðbaug ehf. var ráðningarsambandið enn í gildi. Á þeim tíma leyndir þú áformum þínum, en sú háttsemi sem hér um ræðir er ósamrýmanleg þeim trúnaðarskyldum sem þú berð gagnvart Miðbaugi ehf. Af þessum sökum er ráðningarsambandinu rift án viðvörunar eða fyrirvara. Fellur þá samstundis niður réttur þinn til allra launa og starfstengdra hlunninda ...“

Stefnandi mun í kjölfarið hafa leitað til stéttarfélags síns, VR, sem sendi stefnda bréf dagsett 14. febrúar 2022 þar sem riftun ráðningarsambandsins var hafnað. Með bréfi VR 15. mars sama ár var gerð krafa um greiðslu launa í uppsagnarfresti fyrir mánuðina febrúar, mars og apríl 2022. Voru þær kröfur ítrekaðar með bréfi lögmanns stefnanda frá 5. apríl sama ár þar sem boðuð var málsókn, fengist krafan ekki greidd. Í bréfinu var þó tekið fram að fallið hefði verið frá launakröfu vegna aprílmánaðar.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að hún hafi sagt upp störfum með hefðbundnum fyrirvara og hafi bæði rétt og skyldu til að starfa út samningsbundinn uppsagnarfrest. Það að stofna einkahlutafélag teljist ekki vera brot á trúnaði enda hafi samkeppnisrekstur ekki hafist við það að skrá einkahlutafélag, sbr. dóm Landsréttar í máli 371/2019. Þá sé starfsmönnum heimilt að ráða sig til samkeppnisaðila á uppsagnarfresti og hefja þar störf eftir að uppsagnarfresti lýkur, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli 335/2007. Sama eigi við um starfsmann sem hafi í hyggju að stofna eigið fyrirtæki.

Stefnandi vísar til þess að hún hafi ekki hafið undirbúning að eigin rekstri fyrr en í apríl 2022 eða rúmum tveimur mánuðum eftir að ráðningarsamningi var rift. Ekki sé gerð launakrafa fyrir þann mánuð.

Vísar stefnandi til þess að riftun ráðningarsamningsins hafi verið ólögmet og því alfarið hafnað að hún hafi gerst sek um trúnaðarbrott. Stefnandi eigi rétt til bóta vegna ólögmetrar riftunar sem nemi launum í febrúar og mars 2022 auk orlofs og uppbóta á grundvelli kjarasamnings, meginreglna vinnuréttar og kröfuréttar. Nemi krafa stefnanda 790.308 á mánuði í tvo mánuði eða alls 1.580.616 krónum, auk orlofs 13,04% að fjárhæð 206.112 krónum (1.580.616 x 13,04%).

Þá sé gerð krafa um hlutdeild í orlofs- og desemberuppbót. Orlofsuppbót sé samkvæmt kjarasamningi árið 2022, 53.000 krónur, og miðist við 45 vikur. Stefnandi kveðst, samkvæmt útgefnum launaseðlum, hafa áunnið sér hlutfall af orlofsuppbót sem nemi 41 viku og nemi sú krafa því 48.289 krónum (53.000/45*41). Desemberuppbót sé samkvæmt kjarasamningi árið 2022, 98.000 krónur, og miðist við 45 vikur. Stefnandi kveðst, samkvæmt útgefnum launaseðlum, hafa áunnið sér hlutfall af desemberuppbót 10,7 vikur og nemi sú krafa 23.289 krónum (98.000/45*10,7).

Kveður stefnandi kröfu sína sundurliðast með svofelldum hætti:

Laun vegna apríl 2022	kr. 790.308
Laun vegna mars 2022	kr. 790.308
Orlof 13,04%	kr. 206.112
Orlofsuppbót 2022	kr. 48.289
Desemberuppbót 2022	kr. 23.289
Samtals	kr. 1.858.306

Stefnandi vísar um kröfur sínar til laga nr. 20/1930 um greiðslu verkkaups, til laga nr. 30/1987 um orlof og til laga nr. 7/1936 um samningssgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá vísast til meginreglna kröfuréttar, vinnuréttar og til kjarasamninga VR og atvinnurekenda og bókana sem teljist hluti kjarasamninga.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Af hálfu stefnda er vísað til þess að ráðningarsambandi málsaðila hafi verið rift í samræmi við meginreglur vinnuréttar og almennar reglur samninga- og kröfuréttar. Af þeim sökum eigi stefnandi ekki rétt til greiðslna sem byggist á ætluðum uppsagnarfresti. Af stefnu verði ekki annað ráðið en að kröfur stefnanda taki eingöngu til réttar til launa- og bótagreiðslna í uppsagnarfresti, og því reyni ekki á önnur ágreiningsefni í málinu.

Vísar stefndi til þess að trúnaðarbrot stefnanda hafi verið veruleg vanefnd á samningssambandi aðila og því hafi stefndi verið í fullum rétti við að rifta ráðningarsambandinu án frekari fyrirvara. Telur stefndi því ljóst að riftunin hafi verið réttmæt og þar af leiðandi eigi stefnandi ekki rétt til uppsagnarfrests. Af þeim sökum eigi stefnandi ekki kröfu á hendur stefnda.

Vísar stefndi til þess að um skilyrði riftunar ráðningarsambands sé löng dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, sem sé skýr um það að alvarleg trúnaðarbrot í ráðningarsambandi réttlæti fyrirvaralaus riftun þess, sem aftur hafi þau áhrif að starfsmaður sem slík brot fremur eigi ekki rétt á frekari launagreiðslum úr hendi vinnuveitnanda. Jafnframt sé dómaframkvæmd skýr um það að samkeppnisrekstur við vinnuveitanda, eða undirbúningur slíks samkeppnisrekstrar, teljist bæði alvarlegt trúnaðarbrot og veruleg vanefnd á skyldum starfsmanns, ekki síst þegar starfsmaður leynir þeim fyrirætlunum sínum fyrir vinnuveitanda. Kveðst stefndi í því sambandi vísa til dóma Hæstaréttar Íslands í málum 334/2001 og 500/1998.

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi unnið að því að hefja samkeppnisrekstur í félagi við aðra starfsmenn stefndu, þær Lindu Ólafsdóttur og Sigrúnu Sigvaldadóttur, sem starfi nú í fyrirtæki stefnanda, Reykjanes Optikk ehf. Þá hafi stefnandi og fyrrgreindar samstarfskonur hennar meðal annars unnið að því að koma á samningssambandi við viðskiptamenn stefnda á meðan stefnandi hafi enn verið í starfi hjá stefnda, þar með talið birgjann Johnson & Johnson og Ice-Optik ehf. Stefnandi hafi því, á laun og á meðan hún þáði kaup frá stefnda, fengið til liðs við sig annað starfsfólk stefnda og hafi átt í virkum viðræðum við viðskiptamenn stefnda. Geri það trúnaðarbrotið enn alvarlegra og styrki rétt stefnda til að rifta ráðningarsambandinu, sbr. dóm Landsréttar í máli nr. 417/2019. Stefndi kveður þetta vera óumdeilt.

Stefnandi hafi því gerst sek um alvarleg brot gegn trúnaðarskyldum sínum gagnvart stefnda og farið leynt með fyrirætlanir sínar. Stefndi kveður slíka framkomu bæði vera óheiðarlega og ólögmeta.

Stefndi kveðst gera alvarlegar athugasemdir við framsetningu stefnu í heild sinni. Hvergi séu málsástæður reifaðar eða útskýrt á hverju sé byggt heldur látið nægja að gera „ítrustu kröfur samkvæmt lögum og kjarasamningum.“ Dómkrafa stefnanda sé hvorki sundurliðuð né rökstudd. Þá sé tilvísun til vaxtafótar ekki í samræmi við 11. gr. laga nr. nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, auk þess sem ekki sé að finna rökstuðning fyrir þeim dagsetningum sem vísað sé til. Allar kröfur, og málið í heild, sé því vanreifað og samræmist slíkur málalíbúnaður engan vegin skilyrðum 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Telur stefndi því rétt að dómurinn vísi málinu frá dómi ex officio.

IV Niðurstaða

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu stefnandi máls, Jóna Birna Ragnarsdóttir. Þá gáfu skýrslu Hulda Guðný Kjartansdóttir framkvæmdastjóri stefnda og Darri Ásbjörnsson trúnaðarmanns starfsmanna stefnda. Verður vitnað til framburðar þeirra eftir því sem þurfa þykir.

Líkt og rakið hefur verið sagði stefnandi upp störfum hjá stefnda á fundi með forsvarsmönnum stefnda og trúnaðarmanni 26. janúar 2022 með þriggja mánaða samningsbundnum uppsagnarfresti frá og með komandi mánaðarmótum. Ágreiningur máls þessa lýtur að meginstefnu að því hvort stefnda hafi verið heimil fyrirvaralaus riftun ráðningarsambandsins á þeim grundvelli að stefnandi hafi brotið gegn þeim almennum trúnaðarskyldum sem á henni hvíldu með því að hafa, á meðan á ráðningarsambandi stóð, hafið undirbúning að rekstri gleraugnaverslunar í samkeppni við stefnda.

Í málinu liggur fyrir, líkt og stefndi hefur byggt á, að stefnandi stofnaði einkahlutafélag um fyrirhugaðan rekstur sinn 18. janúar 2022, undir heitinu Reykjanes Optikk ehf., ásamt því að fá skráð virðisaukaskattsnúmer vegna félagsins frá 1. febrúar sama ár. Enn fremur liggur fyrir að stefnandi tók á leigu húsnæði í Keflavík undir verslunarreksturinn með leigusamningi sem undirritaður var 4. febrúar 2022. Þá er ágreiningslaust að stefnandi fékk til liðs við sig Lindu Ólafsdóttur, sem þá hafði nýlega lokið störfum hjá stefnda, og falið henni að annast uppsetningu verslunarinnar, eins og það var kallað, en umrædd Linda gegndi áður starfi verslunarstjóra verslunar stefnda í Keflavík auk þess að vera innkaupastjóri hjá stefnda. Í aðilaskýrslu stefnanda fyrir dómi kvaðst hún hafa sett sig í samband við fyrrgreinda Lindu um það leyti sem hún sagði upp störfum hjá stefnda, það er í janúar 2022, og að svo hefði um samist með þeim að Lindu yrði greitt fyrir viðvikið með frítökurétti þegar hún hefði formlega störf hjá stefnanda. Stefnandi kvaðst jafnframt hafa rætt fyrirhugaðan verslunarrekstur við þáverandi starfsmann stefnda, Sigrúnu Sigvaldadóttur, þótt þá hefði ekki verið afráðið að Sigrún myndi hefja störf við verslun stefnanda, líkt og síðar varð þó raunin. Í skýrslu fyrirvarsmanns stefnda, Huldu Guðnýjar Kjartansdóttur, fyrir dómi kom fram að stefnandi hefði á fundinum upplýst að hún hefði í hyggju að setja á stofn gleraugnaverslun í samkeppni við stefnda, auk þess sem hún ráðgerði að fá til liðs við sig fyrrgreinda aðila, Lindu Ólafsdóttur og Sigrúnu Sigvaldadóttur.

Almennt hefur verið litið svo á, að gagnkvæm trúnaðarskylda ríki milli aðila í ráðningarsambandi, en slíkar skyldur teljast til aukaskyldna í vinnusambandi. Þær skyldur eru ekki tæmandi taldar en í grunninn lúta trúnaðarskyldur starfsmanna að því að gæta þess að koma fram af heiðarleika gagnvart vinnuveitanda og hagnýta sér ekki með óréttmætum hætti aðstöðu sína, þar á meðal að aðhafast ekkert sem talist getur vera í samkeppni við starfsemi vinnuveitanda sé það til þess fallið að valda honum tjóni. Þá hefur verið litið svo á að starfsmaður beri sömu skyldur gagnvart vinnuveitanda á meðan uppsagnarfrestur er að líða. Ennfremur hefur verið litið svo á að í undantekningartilvikum geti riftun ráðningarsambands á grundvelli trúnaðarbrotis talist heimil. Hefur þá einkum verið höfð hliðsjón af eðli trúnaðarbrotis og alvarleika.

Verður að teljast nægilega fram komið í málinu að stefnandi hafi, á meðan á ráðningarsambandi málsaðila stóð, lagt á ráðin um stofnun verslunar í beinni samkeppni við stefnda og jafnframt hafið markvissar aðgerðir í þá veru. Í því efni verður einkum og sér í lagi að horfa til skráningar á einkahlutafélagi stefnanda og skráningu þess á virðisaukaskattskrá, auk þeirra aðgerða sem raktar hafa verið. Að mati dómsins felur sú háttsemi stefnanda þó ekki sjálfkrafa í sér brot á trúnaðarskyldum í ráðningarsambandi, að minnsta kosti að því marki að heimilað geti riftun ráðningarsambands. Í því efni verður að horfa til þess að játa verður starfsmanni ansi rúma heimild til að nýta uppsagnarfrest til að leita sér að starfi, jafnvel hjá samkeppnisaðila eða stofna sjálfur til slíks rekstrar, enda ráðist hann ekki í aðgerðir sem eru í beinni andstöðu við hagsmuni vinnuveitanda, sbr. meðal annars til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands 3.

nóvember 2021 í máli nr. 18/2021. Í samræmi við framangreint var ekkert því til fyrirstöðu að stefnandi stofnaði einkahlutafélag vegna fyrirhugaðrar starfsemi sinnar og fengi virðisaukaskattsnúmer skráð vegna þess, auk þess að taka á leigu atvinnuhúsnæði. Í því efni verður að líta til þess að engin leynd virðist hafa hvílt yfir áformum stefnanda enda upplýsti hún um þau á fyrrgreindum fundi með forsvarsmönnum stefnda. Þá hefur stefndi ekki fært fram neinar sönnur á að stefnandi hafi reynt að koma á samningssambandi við viðskiptamenn stefnda á meðan á ráðningarsambandinu stóð, líkt og vikið er að í greinargerð stefnda, auk þess sem staða stefnanda hjá stefnda var með þeim hætti að ekki verður séð að hún hafi haft yfir að búa sérstökum viðskiptaupplýsingum vegna stefnda eða aðgang að slíkum gögnum sem gæti verið til þess fallið að skaða hagsmunum stefnda. Þá liggur ekkert fyrir um það að hið nýstofnaða einkahlutafélag stefnanda hafi verið í samkeppnisrekstri við stefnda á uppsagnarfrestinum eða að stefnandi hafi aðhafst nokkuð annað sem talist getur hafa falið í sér brot á trúnaðarskyldu, samanber að framan.

Er það því mat dómsins að stefnandi eigi rétt til launa á uppsagnarfresti auk orlofs, orlofsuppbótar og desemberuppbótar með dráttarvöxtum líkt og í dómsorði greinir. Töluleg fjárhæð dómkrafna í stefnu hefur ekki verið efnislega andmælt af hálfu stefnda, en krafan þykir þar nægilega rökstudd.

Eftir þessum málsúrslitum og í samræmi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 750.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnanda flutti málið Guðmundur B. Ólafsson lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Einar Brynjarsson lögmaður.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan, en gætt var ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Miðbaugur ehf., greiði stefnanda, Jónu Birnu Ragnarsdóttur, 1.858.306 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 790.308 krónum frá 1. apríl 2022 til 1. maí 2022 en frá þeim degi af 1.858.306 krónum til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 750.000 krónur í málskostnað